

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Bandaríkjunum vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá bandarískum dýrasjúkdóma-
yfírvöldum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er framlengt bann landbúnaðarráðuneyt-
isins sem sett var með auglýsingu nr. 862/2002, við innflutningi til landsins á lifandi fuglum,
frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bandaríkjunum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um
dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og
varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 3.
mars 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. janúar 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.